

Fyrir ritstjórn á deildinni B getið þér látið viðkomanda fá 10 rd. fyrir örkina alt að 150 rd. um árið, og í þóknun fyrir útbýtingu tíðindanna og fyrir fjárheimtu og reikningsstörf 50 rd. um árið, og getið þér þar hjá því varið alt að 150 rd. um árið til borgunar fyrir að semja landshagsskýrslurnar, og má greiða öll þessi útgjöld og það, sem annars með þarf til prentunar, pappírs og póstsendinga — og hafa þessi gjöld verið reiknuð eptir áætlun þeirri, er þér höfðuð gjört í framannefndu bréfi Yðar — en að fráðregnu gjaldi frá kaupöndum úr jarðabókarsjóði Íslands, þannig að viðkomandi upphæð fyrir nú yfirstandandi ár, samkvæmt framannefndum úrskurði hans hátignar, verði færð til útgjalda í 6. grein áætlunarinnar.

**Konungsbréf.**

Vér viljum, áðr en Vér förum frá landi voru Íslandi, eptir þessa dývl Vora, er hefir verið Oss svo dýrmæt, ráðstafa fjárupphæð, er nemur 4000 rd., til þess, að af fé þessu verði stofnað sjóðr, og skal vöxtum hans varið til tveggja árlegra heidrgjafa handa þeim meðal íbúa landsins, er af jarðyrkju, hestarækt, iðnaði, fiskiveiðum, sjóferðum eðr verzlun hafa sýnt hina mestu og merkilegustu framtakssemi til að auka og bæta atvinnuvegi þessa, sem eru svo ártíðandi fyrir landið.

Því viljum vér hér með hafa afhent Þér, Oss elskulegum, Vorum landshöfðingja yfir Íslandi, upphæð þá, er nefnd var, til þess að hún verði látin ávaxtast að Þinni ráðstöfun, og skal þér falið að gjöra nánari tillögu um reglugjörð fyrir gjafafé þessu.

Vér felum þig Guði til hjálpsins þess að gjöra þetta.

Gefið í Reykjavík hinn 10. dag ágústmánaðar 1874.

**Christian R.**

**TH**

vors elskulega landshöfðingja yfir Íslandi Hilmars Finsens kommandörs af dannebrogen og dbrm.

**Reglur**

fyrir fangana í hegningarhúsinu í Reykjavík.

**1. gr.**

Fanginn skal, eptir undirbúningsdývl á móttökustofunni, þar sem hann fær þér ákvarðanir að vita, sem fyrir stofnunina gilda, og þar sem hann verðr færðr í ákveðinn fangabúning, taka út ídæmda hegningu, annaðhvort í einverfangelsi, eðr þannig, að hann á daginn vinni í samveru við aðra, en sè á nóttunni eptir aðalreglunni í einbýsi.

A móttökustofunni skal rannsaka hvern fanga, og skal hann þá afhenda umsjónarmanni undantekningarlaust alt, sem hann hefir meðferðis til stofunarinnar.

Skyldur fanga eru yfir höfuð þessar:

1. Fyrirskipaða húshætti skal hann í einu og sér hverju halda og samstundis gegna bendingum þeim, er honum verða gjörðar.
2. Hann skal sýna öllum yfirboðurum sínum virðingu og skilyrðislausu hlýðni.
3. Hann skal með þögn, guðræknri og eptirtektu hlýða á helgar tíðir og húsvitjanir sálusorgarans.
4. Það, sem honum er fyrir sett að vinna, skal hann gjöra með iðni og alúð. Um vinnutímanna má hann aldrei vera iðjulaus.
5. Meðfanga sína skal hann umgangast með velvilja og friðsemi. Taki hann hegningu

**2**  
10da  
ágúst

**3**  
22an  
júni.

una út í einhýsi, skal hann forðast allar tilraunir til að komast í kunningskap við meðfanga sína.

**3. gr.** Bæði í einhýsinu og á vinnustofunni skal fanginn hafa um sig hljótt og kyrt. Allr hávaði, kveðskapr og annar órói er fyrirboðinn. Alla hreinsun hýbýlanna skal vel vanda og framkvæma á þeim tíma, sem húshættir bjóða; þó skal glugga fága að eins, þegar um sjónarmaðr skipar. Fangi skal varast alla tilraunir til að komast í samband við nokkurn mann, sem ekki er viðriðinn hegningarhúsið. Veggi, hurðir, þil og föst áhöld í fanga-hýbýlum má eigi skaða né óhreinka með höggum, útskurði, eða með að klína þau, eða öðruvísi. Fangi skal ábyrgjast áhöld og verkfæri, sem honum eru fengin. Brotni eðr bili nokkuð, sem honum er trúað fyrir, skal hann þá þegar segja umsjónarmanni til, en hegningu skal það varða, ef skemdir komast upp, sem hann eigi hefir til sagt. Hins sama skal fangi gæta, ef eitthvað týnist, sem honum hefir verið fengið. Aldrei má hann undir höndum hafa neitt það, sem honum hefir ekki verið fengið af einhverjum fyrirboðara sinna, en samstundis afhenda umsjónarmanni allt það, er honum eigi kemr við, og hann kynni að finna, eða honum vera gefið án vitundar umsjónarmanns.

Fyrir hverskonar vanrækt eða brot á móti þessu, bakar fangi sér hegningu.

**4. gr.** Fangi skal nákvæmlega hlýða hverri þeirri reglu, sem honum verðr sett til viðrhalts heilbrigðinni. Án sérstaks leyfis læknisins getr hann ekki undanþegist ráðstöfunum þeim, sem í þá stefnu eru gjörðar. Öllu, sem umsjónarmaðr skipar til viðrhalts nauðsynlegu hreinlæti, skal fangi tregdulaust hlýða. Hann skal leggja sitt fram til þess, að ætíð sé hreint og gott loft í herbergjum þeim, er hann skal í vera.

Ef fangi verðr lasinn, segir hann umsjónarmanni frá því. Mun þá læknirinn líta til hans, og skal hann þá nákvæmlega fara að ráði læknis, hvort sem hann verðr kyrr í fanga-herbergi sínu, eða hann verðr lagðr á sjúkrastofuna.

**5. gr.** Þegar fanga er hleypt út í garðinn, skal hann vera í sífeldri hreifingu. Að skera í eða klína á múr eða skiðgarð er strengilega bannað; og skal fangi varast þar allan hávaða og skarkála, eins og sérhverja aðra óreglu.

**6. gr.** Þegar fangi fer milli einhýsis síns og vinnustofunnar eða garðsins, skal hann vera í sínum fyrirskipaða fangabúningi, og sérhver háreysti eða jafnvel samtaler honum fyrirboðið, þá er hann gengr hér á milli til og frá. Frá vinnustofunni má hann ekkert með sér taka af verkfærum né áhöldum, nema það, sem honum berlega er skipað.

**7. gr.** Að undanteknum sunnu- og helgidögum, hvíldarstundum og þeim stundum, sem fanga eru ætlaðar til að vera í garðinum, skal hann stöðugt vera að verki sínu og gjöra það eptir reglunum fyrir skylduvinnum. Það er fanga leyft að sýsla við daglegt verk sitt á tómstundum hans, þegar annars ekkert er því til fyrirstöðu. Fangi er skyldr til af fremsta megni að sýna námfýsi, nákvæmni og iðjusemi, og að fara vel og gætilega með verkfæri þau og verkefni, sem honum eru fengin.

**8. gr.** Með tilliti til fullnægjuförðar hegningarvinnunnar og heimildar fanga til að fá hlutdeild í arði vinnu sinnar, er hegningartímanum skipt á þessa leið:

617 gæðarabund i heimod en A. Typtunarbúsvinnan. Unninn í 10 mán.

I. *Undirbúningsstigið.* Á þessu stigi skal fanginn vera ákveðinn tíma sem er 3 mánuðir, og er fangi þá í einhýsi. Vinnan skal vera að tæja kaðal eða því um lík lætt og einföld vinna í höndunum, og er hér eigi fyrir sett skylduvinna, en eigi heldr vinnu- arðr veittr. Áð lokum hvers mánaðar eptir komu fanga eru honum gefnar 2 einkunnir, önnur fyrir framferði hans yfir höfuð, hin fyrir iðni hans við verk sitt. Hafi hann á nefnd- um 3 mánuðum náð 12 tröppum (að meðaltali einkunninni: «vel»), kemst hann strax í 2. flokk þvingunarstigsins; að öðrum kosti verður hann að byrja í neðsta flokki þvingunar- stigsins.

II. *Þvingunarstigið* skiptist í 3 flokka, 1. 2. og 3. flokk. Á þessu tímabili vinna fang- arnir á vinnustofunni fyrir lokuðum dyrum, og er þeim sett skylduvinna fyrir, veitist þeim þá hlutdeild í vinnu- arðinum, eptir reglum þeim, sem hér á eptir koma.

1. *Flokkur* er í rauninni ekki annað en hegningarflokkur fyrir þá, sem fyrir laklegt framferði annaðhvort komast í þennan flokk frá undirbúningsstímanum, eða eru fluttir niður í hann úr efri flokkum. Reglurnar eru hinar sömu, sem fyrir undirbúningsstímann; nema hvað dagleg skylduvinna er fyrir sett og sætir eptirliti á hverju kvöldi við háttatíma. Hlutdeild í vinnu- arði veitist ekki. Til þess að komast upp í 2. flokk, skal fangi sá, er kemr frá undirbúningsstiginu, hafa náð 12 tröppum; þó má fangi, hvernig sem á stendr, ekki vera þar skemr en 3 mánuði.

2. *Flokkur.* Reglurnar eru hér hinar sömu sem í 1. flokki, þó skal fanga, ef hann lýkr við fyrirsetta skylduvinnu, veita 4 auru (2 sk.) á dag, og má með nákvæmara leyfi lögreglustjórans verja helminginum af þessu til að kaupa matvæli fyrir handa fanganum, svo og munn- og neftóbak. Þegar liðnir eru að minsta kosti 6 mánuðir, og fanginn að meðaltali hefir hlotið einkunnina «vel», getr vinnu- arðrinn hækkað upp í 6 auru (3 sk.) daglega. Eptir 15 mánaða dvöl að minsta kosti og með sömu meðaltalseinkunn, sem ný- lega var nefnd, getr fangi komist úr þessum flokki upp í 3. flokk.

3. *Flokkur.* Reglurnar eru eins og fyrir 2. flokk með tilhliðrunum sem hér segir: Vinnu- arðrinn fyrir unnin skyldaverk, sem sæta eptirliti að eins á viknamótum, er 8 aurar (4 sk.) á dag, og má verja helminginum af þessu eins og í 2 flokki segir. Dvöl fanga í þessum flokki er komin undir því, hvað hegningartíminn er langr, samkvæmt reglum í tilsk. 28. febr. þ. árs. En þegar hálf dvöl hans í þessum flokki er liðin, og fanginn að meðaltali hefir fengið einkunnina «vel», má smámsaman láta honum enn fremr eptir, að brugðið sé út af reglum, sem hér segir: Á sunnu- og helgidögum má, ef veðr er til, leyfa fanga að vera lengr í garðinum en venjulegt er, ef kringnmstæður leyfa það; skal reyndar setja honum fyrir skylduvinnu, en verði því ekki komið við, eru honum eigi bönnuð önnur störf. Vinnu- arðrinn er ekki ákveðinn eins og fyrr, en greiðist á viknamótum eptir máli og vigt á aukavinnu þeirri, sem skilað er, og verði eigi komið við að setja fanga fyrir skylduvinnu, skal veita honum alt að 16 aorum (8 sk.) daglega, eptir því hvað iðinn hann hefir verið. Helmingi vinnu- arðsins má verja sem að framan segir, og til að kaupa almanak. Fyrir hegðun og iðni fanga við vinnuna skal honum nú einungis veitt einkunn fyrir 3 mánuði í einu, og getr hann ekki náð upp á yfirferðarstigið, nema hann hið síðasta ár hafi öðlast svo margar tröppur, að hann að minsta kosti hafi hlotið «vel» að meðaltali fyrir hegðun sína.

III. *Yfirferðarstigið.* Í stað hins sèrstaka búnings, er fangi var íklæddr á undan- fòrnun- stigum, skal honum nú leyft að bera klæðnað, er meira nálgast búningsi þeim, sem frjáls verkmaðr gengr í. Fangar skulu nú eigi vinna fyrir luktum dyrum, heldr skal, sem fremst er unt, fá þeim þvilik störf, sem þeir ætla að hafa sèr til atvinnu eptirleiðis. Þeim

skal veittr nákvæmar tiltekinn bloti vinnulaunanna, að tiltölu við það, sem frjálsir verkmennt fá, og skulu þeir fyrir helminginn af þessu ekki að eins mega auka við sig fæði, heldr einnig kaupa sér nýtsama muni, þó að eins með sérlegu leyfi lögreglustjóra. Vinnutíminn er að eins til kl. 7 á kvöldin.

Fangarnir eru eigi skyldir til að hlýða á helgar tíðir.

Þeir skulu mega fá bækur úr bókasafninu til afnota.

Fanganum skal eigi gefn sérstakleg einkunn fyrir hegðun hans; en stjórn hegningarrhússins skal eigi að síðr gefa gaum að, hversu hann notar hið rífara frelsi, sem honum er veitt. Skyldi hann drýgja hegningarverða yfirsjón, eða yfir höfuð gefa á sér illan grun, skal hann, hvernig sem á stendr, færa aptr niðr á þvingunarstigið, og getr hann ekki aptr komist upp á yfirferðarstigið, nema með sérstöku leyfi landshöfðingja.

Þegar fangi er búinn að vera á yfirferðarstiginu eptir nýnefndum reglum, þegar stjórnin yfir höfuð hefir von um, að hann muni hegða sér ráðvandlega, eptir öllu ráðlagi hans, og þegar búið er að útvega honum sómasamlega stöðu eða atvinnu í mannfélaginu, þá má stjórn hegningarrhússins bera það upp fyrir ráðherra Íslands, að honum megi veitast uppgjöf á hegningu með tilteknum skilyrðum og nákvæmari takmörkum eptir reglug. 28. febr. þ. á.

#### B. Betrunarhúsvinna í sameiningu.

Fullnustugjörð hegningarinnar fer fram eptir framanskrifuðum reglum fyrir hin ýmsu hegningarstig, en með þessum tilhliðrunum og nákvæmari ákvörðunum:

1. Undirbúningsstigið stendr yfir um 3 mánuði, en þvingunarstigið og yfirferðarstigið stytst eptir reglunum í reglug. 28. febr. þ. á.
2. Í 2. flokki þvingunarstigsins getr vinnu arðrinn fyrst eptir 3 mánuði að minsta kosti stigið upp í 6 aura (3 sk.) daglega.

#### C. Hegningarvinna í einhýsi.

Hegningarvinnu, sem út skal taka í einhýsi, skal sömuleiðis fylgja fram eptir hinni áframliðandi hegningarreglu, að því leyti sem hegningartíminn skiptist í 4 stig, sem eru:

- I. stig, og eru reglurnar um skylduvinnu, vinnulaun og verutíma þar hinar sömu, sem settar eru fyrir undirbúningsstigið með tilliti til hegningarvinnu í sameiningu.
- II. — með ákveðinni skylduvinnu og vinnukaupi 4 aurum (2 sk.) á dag, fyrir hvern verkdag; verutími að minsta kosti missiri.
- III. — með ákveðinni skylduvinnu og vinnukaupi 6 aurum (3 sk.) fyrir hvern verkdag; veran á því stigi er að minsta kosti 1 ár.
- IV. — með ákveðinni skylduvinnu og vinnukaupi 8 aurum (4 sk.) fyrir hvern verkdag.

að öðru leyti gilda reglur þær, sem settar eru að framan um hegningarvinnu í sameiningu, með þeim tilhliðrunum, er með þarf.

#### 9. gr.

Helming þess, er fangi vinnr sér inn með vinnu sinni, skal geyma, uns hann er lálinn laus, og skal honum þá fengið það með sér. Yfir hinum helminginum má fanginn ráða þannig, að hann annaðhvort sé geymdir, eða að fanginn fái fyrir hann matvæli, sem leyfilegt er að auka reglulegt daglegt matarhæfi hans með. Líka má veita honum frelsi til, að styrkja næstu náunga sína af vinnu-arðinum, þó með því skilyrði, að hann eigi ætíð sjálf að minsta kosti 10 rd. (20 krónur) óeydda.

#### 10. gr.

Óski fangi að tala við einhvern af embættismönnum stofnunarinnar, skal hann um það snúa sér að umsjónarmanni.

Eins og fangi ætíð skal fram bera bænir sínar og önnur erindi með kurteysi og högværd, þannig skal honum alvarlega boðið að fylgja sannleikanum strengilega, þegar hann hefir eitthvað upp að bera eða um að kvarta. Öll ósannindi eða jafnvel ranghermi hefir hegningu í för með sér.

Haldi fangi, hvort sem er á degi eða nóttu, að svo bráðrar hjálpar sé þörf í einu eða öðru sem við liggur, að eigi þoli það bið, uns umsjónarmaðr vitjar hans, má hann hringja klukkunni (berja á dyr sínar). Aprt á móti sætir það hegningu, ef hann kallar umsjónarmann að nauðsynjalausu.

#### 11. gr.

Föngunum í hegningarstofnuninni má veita einstakar ívilnanir, ef þeir hegða sér vel og misbrúka þær ekki. Þvílíkar ívilnanir eru:

Sérhver fangi skal hjá sér hafa hina almennu sálmabók og nýtestamentið, en getr að auki úr bókasafni stofnunarinnar fengið til láns guðsorðabækur og því um lík uppbyggileg rit.

Hann getr fengið skriffæri, svo hann öðlist kost á að rita hjá sér það, sem hann hefir lesið sér til nytsamt og lærdómsríkt, og eins sér til æfingar í að selja fram og útlista huganir sínar.

Að fengnu leyfi lögreglustjórans getr hann skrifað ættingjum sínum til eða öðrum, sem ekki koma hegningarstofnuninni við. Það segir sig sjálf, að bréf fanga hljóta að vera heiðvirð og kurteys. Sé efni þeirra á þá leið, að hegningarhús-stjórnin hljóti að skorast undan að senda þau, verða bréfin eyðilögð, og fangi látinn vita af því.

Fangi má taka á móti bréfum út í frá með leyfi lögreglustjórans, þegar ekkert er í þeim, sem stjórnin álitir honum ekki hæfa að vita.

Frændr fanga mega vitja hans í herbergi, sem til þess er ætlað, og í viðræst umsjónarmannsins, ef stjórnin hefir ekkert við það að athuga.

Fangi getr skorast undan að tala við þá menn, sem eigi eru viðriðnir hegningarhúsið.

Eins og í 9. gr. segir, getr hann fengið leyfi til að styrkja nánustu ættingja sína, eða verja helmingnum af vinnu arði sínum eptir nærmeira leyfi stjórnarinnar til að kaupa þarflega og nytsama muni.

#### 12. gr.

Hegði fangi sér illa mun það leiða af sér hegningu eptir tilskip. 5. jan. 1874, og er það aprt afleiðing hegningarinnar, að honum verðr ekki veitt neitt af ívilnunum þeim, sem nefndar eru í 11. gr., allra sist næsta missiri á eptir.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 22. dag Júnímán. 1874.

*Hilmar Finsen.*

*Jón Jónsson.*

#### Bréf ráðgjafans fyrir Ísland (til landshöfðingjans yfir Íslandi).

4  
8da  
ágúst.

Eptir allraþegnsamlegustu tillögu minni hefir hans hátign konunginum í dag allra-mildilegast þóknast að úrskurða, að veita mér fyrir árin 1874 og 1875 sjúkrahúsi því, sem stofnað er á Akreyri, styrk af eignum hins íslenska læknasjóðs, er nemr alt að helmingi kostnaðar sjúkrahússins samkvæmt reikningi þeim, er saminn verðr af sjúkrahússtjórninni og sendr stiptyfirvöldunum, þó ekki framyfir 200 rd. ár hvert.

Þetta er hér með þjónustasamlega kunngjört herra landshöfðingjanum Yör til leiðbeiningar, og til þess, að Þér birtið það.